

Mættir: Harpa Reynisdóttir skólastjóri, Arndís Anna Björgvinsdóttir fulltrúi starfsfólks, Karitas Sumati Árnadóttir fulltrúi kennara, Gunnur Elka Ellertsdóttir fulltrúi nemenda, Bjarni Magnússon FORMEL og Jóhanna Jakobsdóttir fulltrúi foreldra.

Fundarritari: Björg Melsted aðstoðarskólastjóri

- Skóladagatal 2026-2027

Umræða um skóladagatal fyrir næsta skólaár:

Bent á litaval sem gott væri að breyta til að litblindir greini á milli ólíkra lita.

80 ára afmæli Melaskóla í október, verður hugsanlega fagnað á laugardegi með opnu húsi og einn frídagur settur inn á móti.

Niðurstaða að fagna afmæli skólans laugardaginn 3. október og taka 23. apríl sem frídag á móti þeim degi.

Skóladagatalið 2026-2027 samþykkt af skólaráði.

- **Matsferill**

Ný stöðu- og framvindupróf í lesskilningi og stærðfræði eru lögð fyrir 4.-6. bekk í mars. [Frétt á RÚV](#) um Matsferilinn var tekin upp í Melaskóla. Þar sem rætt var við kennari og nemendur í 5. bekk.

Nemendur hafa fengið tækifæri til að kynnst viðmóti prófsins sem tekið er á tölvu. Umræða um niðurstöður, hvernig þær eru settar fram og kynntar.

- **Innra mat skólans**

Harpa segir frá innra mati skólans og teymi sem heldur utan um þá vinnu.

Vettvangsathugunum er ný lokið þar sem stjórnendur skoða upphaf kennslustundar hjá öllum kennurum. Stuðst er við gátlista sem er afrakstur vinnu kennarahópsins um gæða kennslustund.

Karitas segir frá upplifun sinni af innlitinu og endurgjöf í kjölfarið. Allir sammála um mikilvægi þess að ígrunda í sameiningu hvað gengur vel og hvar tækifæri eru til umbóta.

- Önnur mál

Aðgengismál:

Fyrirspurn frá Bjarna sem er slasaður á hendi og fæti. Hann upplifir á eigin skinni erfiðleika við að komast um eldri bygginguna. Rætt um húsnæðismáli sem hafa verið á dagskrá í mjög langan tíma en lítið þokast áfram, sérstaklega hvað varðar aðgengi

og aðbúnað í eldri byggingunni. Harpa mun óska eftir upplýsingum um stöðu mála hjá Reykjavíkurborg.

Skertir dagar:

Jóhanna bendir á að skertir dagar eru oft óljósir fyrir foreldra, hversu langur eða stuttur skóladagurinn er og/eða hvort frístundaheimilin taki við nemendum þá daga. Góð ábending sem Harpa hefur í huga fyrir útfærslu á skóladagatalinu.

Nemenda- og foreldrasamtöl

Karitas bendir á að stundum átta foreldrar sig ekki á að börnin eiga að vera með í viðtalinu. Rætt um skipulagningu og fyrirkomulag viðtalanna, hvort þau ættu t.d. að vera nemendastýrðari. Bæði Elka (nemandi) og Karitas (kennari) eru sammála um að vel undirbúin samtöl gagnist best og mikilvægt fyrir alla að vita hvað á að ræða. Elka segir að það sé gaman að sýna verkefni í viðtalinu sem hún er stolt af.